



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Fundargerð Skólanefnd

2. fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 6. desember 2010 kl. 15.30.

Mætt voru: Þuríður Helgadóttir formaður, Eyþór Pétursson, Agla Rögnvaldsdóttir fyrir Þórhöllu Valgeirsdóttur, Sigurður Böðvarsson, Friðrik Jakobsson. Fulltrúi kennara Auður Jónsdóttir, Sólveig Jónsdóttir skólastjóri og Sigríður Sigmundsdóttir fulltrúi foreldra.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna, skipaði Sigurð Böðvarsson fundarritara og óskaði eftir því að liður 3 yrði afgreiddur á undan lið 2. Samþykkt samhljóða.

2. Verkefni framundan.

- a) Í framhaldi af síðasta fundi þarf að ganga sem fyrst frá því hvar elsta leikskólastigið getur verið í vor eftir að kennslu lýkur í skólanum. Einnig þarf að móta stefnu leikskólans til næstu ára. Þó nokkur umræða varð um þessi mál og allir sammála um að leysa þurfi leikskólamál sveitarfélagsins til frambúðar. Skólanefnd leggur til að sett verði á stofn þriggja manna nefnd sem skipuð verði af einum fulltrúa úr skólanefnd, einum leikskólastarfsmanni og einum fulltrúa sveitarstjórnar. Skólanefnd tilnefnir Þuríði Helgadóttur sem sinn fulltrúa.

b) Nefndarmenn voru beðnir um að kynna sér stefnumótun sveitarfélaga í skólamálaum fyrir næsta fund. Að loknum þessum lið véc Sigríður Sigmundsdóttir af fundi.

3. Önnur mál.

Sólveig skólastjóri sagði frá útkomu samræmdra prófa í íslensku og stærðfræði í 4, 7, og 10 bekk. Allir bekkir standa sig mjög vel og fá góða útkomu. Sólveig sagði einnig frá niðurskurðaráformum í rekstri skólans og hverjar eru helstu áætlanir um endurbætur. Að lokum sagði hún frá komu heilbrigðis- og iðjufulltrúa og taldi hún það mjög gott að fá slíka fagmenn að starfi skólans. Að loknum þessum lið véku Auður og Sólveig af fundi.

4. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 18.20

Þuríður Helgadóttir

Eyþór Pétursson

Aglá Rögnvaldsdóttir

Sigurður Böðvarsson

Friðrik Jakobsson